

Þorgeirsstaðir í Lóni Hornafirði
-Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs deiliskipulags-



VG-Fornleifarannsóknir
-Skýrsla 2530-2020-

Indriði Skarphéðinsson
Vala Garðarsdóttir

Skýrslugerð: Indriði Skarphéðinsson og Vala Garðarsdóttir/VG-Fornleifarannsóknir
Nóvember 2020

Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
vgfornleifar.is

Verkkaupi: Þorgeirsstaðir ehf.

Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir Brunnhorn, Efri-Fjörð og Þorsgeirsstaði við Papafjörð, Stafafellsfjöll í fjarska.

Ljósmyndari: Skarphéðinn G. Þórisson

Efnisyfirlit

Inngangur og yfirlit 4

Fornleifaskráning 4

Deiliskipulag 5

Þorgeirsstaðir 8

Fornleifaskráning 9

Heimildaskrá 31

Þorgeirsstaðir í Lóni

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í landi Þorgeirsstaða í Lóni í Hornafirði fór landeigandi þess á leit við VG-fornleifarannsóknir að gera fornleifaskráningu innan afmarkaðs deiliskipulagssvæðis á jörðinni (sjá kafla að neðan).

Var farið á vettvang laugardaginn 7. nóvember 2020 og jörðin tekin út.

Heimildarmaður er Ragnar Pétursson ábúandi á Þorgeirsstöðum

Fornleifaskráning

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. 11 Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna: Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra. Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra. Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein: Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013. Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra

Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngríp og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vegaog siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarsaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra. Eitt markmið skráningar menningarmínja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagar þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarmínjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu mínjanna. Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein: Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa¹.

¹ Lög um menningarmínjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Deiliskipulag á Þorgeirsstöðum

Samkvæmt greinargerð sem verkfræðistofan Efla gerði um fyrirhugað deiliskipulagssvæði² Þorgeirsstaða í Lóni og nær til hluta jarðanna Þorgeirsstaða (landnr. 159402) og Þorgeirsstaða 3 (landnr. 223144) í Sveitarfélaginu Hornafirði, þarf í framhaldinu að gera fornleifaskráningu. Fornleifaskráning þarf að liggja fyrir áður en deiliskipulag er samþykkt líkt og lög gera ráð fyrir. Um þrjú skipulagssvæði er um að ræða en fornminjar voru skráðar á tveimur svæðum (sjá skipulagssv. að neðan) svæði 1 og svæði 2. Svæði 3 liggur meðfram túni og að sjó en engar minjar voru þar að sjá né er vitað til að þar hafi verið samkvæmt bæði heimildum og heimildarmanni.


Eftirfarandi er úr greinargerð EFLU:

Skipulagssvæðið er um 22 ha að stærð og er í tvennu lagi. Á Þorgeirsstöðum er íbúðarhús og fjárhús en einnig hefur verið rekin þar ferðaþjónusta með gistingu fyrir 7 gesti. Virkjun er í Þorgeirsstaðaá. Fyrirhuguð er frekari uppbygging á ferðaþjónustustarfsemi, m.a. að breyta fjárhúsum í gistingu og vera með gistingu fyrir allt að 60 gesti. Einnig eru fyrirhugaðar tvær nýjar virkjanir í Þorgeirsstaðaá, tjaldsvæði vestan árinna og göngubrú yfir ána. Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er skipulagssvæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði (VP35), afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF25) og landbúnaðarsvæði. Þá er heimilt að byggja smávirkjun með uppsÞorgeirsstaðir (landnr. 159402) hefur ekki skráða stærð hjá Þjóðskrá. Á jörðinni er íbúðarhús og vélageymsla. Þorgeirsstaðir 3 (landnr. 223144) er skráð 4.382 m² hjá Þjóðskrá. Á spildunni er 160 m² hlaða, tvær geymslur, hvor tæpir 50 m² og fjárhús sem er 370 m². Þorgeirsstaðir eru sunnan til í Lóni. Jörðin nær niður að sjó og eftir fjallstindum beggja vegna Þorgeirsstaðadals. Undirlendi og ræktað land er aðallega í nágrenni við bæjarhúsin og sunnan Suðurlandsvegur. Jörðin hefur verið nýtt til búskapar samhliða uppbyggingu ferðaþjónustu. Suðurlandsvegur nr. 1 liggur um jörðina og er aðkoma af honum. Þorgeirsstaðaá rennur um jörðina og til sjávar í Papafirði. Við bæjarstæði Þorgeirsstaða standa grjót og klettur upp úr landinu en gróður er á milli þeirra. Tún hefur verið ræktað sunnan og austan bygginga. Landi hallar til austurs. Við Fremstafoss í Þorgeirsstaðaá er virkjun sem byggð var árið 1966 og lítill stífla í ánni. Virkjunin er ekki í rekstri. Ný virkjun er fyrirhuguð um 250 m neðar í ánni. Á mel sunnan Þorgeirsstaðaár er fyrirhugað tjaldsvæði og er ætlunin að það nýti raforku frá nýrri virkjun á svæðinu. Um 750 m austan Suðurlandsvegur er fyrirhuguð önnur virkjun sem einnig nýtir vatn úr Þorgeirsstaðaá. Enginn fiskur er í Þorgeirsstaðaá og nær áin ekki að renna til sjávar nema þegar miklar rigningar eru. Hún þornar upp á aurnum ca 400 m frá sjó. Ekkert veiðifélag er um ána. Vatnsmagn í Þorgeirsstaðaá er á bilinu 0,5-5 m³/sek, skv. mælingum landeiganda. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið vistgerðakortlagningu á landinu öllu og þar eru tilgreindar allmargar vistgerðir með hátt verndargildi. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðakorta þegar þau eru nýtt á deiliskipulagsstigi. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu er við

² Þorgeirsstaðir í sveitarfélaginu Hornfirði, deiliskupulag 13.01.2020. Efla Verkfræðistofa

bæjarstæðið að finna vistlendið graslendi með vistgerðunum língresis- og vingulsvist og grasengjavist. Báðar þessar vistgerðir eru taldar með hátt verndargildi. Við Þorgeirsstaðaá, þar sem er fyrirhugað tjaldsvæði og ný virkjun er að finna vistlendið mela og sandlendi og mólendi. Vistgerðir eru; eyðimelavist, víðimelavist, mosamelavist og mosamóavist. Vistgerðirnar eru taldar hafa lágt eða miðlungs verndargildi.ettu rafafli allt að 200 kW³.

Skipulagssvæðið



Skipulagssvæðið er innan svörtu brotalínunar

³ Þorgeirsstaðir í sveitarfélaginu Hornfirði, deiliskupulag, bls 3-6.



Staðsetning Þorgeirsstaða

Þorgeirsstaðir-heimildir og forsaga

Þorgeirsstöðum er svo lýst svo í Blöndu I og byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu:

Þorgeirsstaðir eru hjáleiga byggð úr heimalandi Hvamms frá gamalli tíð. Þjóðleiðin liggur ofan við túnið. Túnið var lítið, þýft og votlent. Jörðin er landlítill og landrýr. Góð aðstaða til sjósóknar og silungsveiði í firðinum var undirstaða sæmilegrar afkomu.⁴

Samkvæmt visitasíu Brynjólfs biskups frá 1641 hefur verið búið á Þorgeirsstöðum svo vitað sé, frá upphafi 17. aldar⁵. Einnig er sagt í jarðatali Ísleifs Einarssonar frá 1709 að þar hafi „fyrir löngu verið byggð úr Hvammsjörðu“, en eru aðrar heimildir um búsetu á Þorgeirsstöðum heldur til rýrar.⁶

Heimildum ber þó saman um það að Þorgeirsstaðir hafi verið fremur landlítill og landrýr jörð en góð aðstaða til sjósóknar og silungs-, sel, og lúruveiði í firðinum, eins og minnst er á hér að ofan.

Í sjósóknarlýsingu frá 1842 er jörðinni Þorgeirsstöðum lýst svo, „jörðin er 5 hndr að dýrðleika, tún grasgefið, þýft og votlent. Engjar nokkrar, sem sjór flæðir yfir, þó nokkrum áföllum undirorpnar af lónburði. Þaðan er skammt til skipauppsáturs“.⁷

Þorgeirsstaðaklif var helsti útróðrarstaður Lónmanna og tilheyra klifin bæði Þorgeirsstöðum og Efri-Firði og bera nafna Þorgeirsstaða. En útróðrastaðurinn tilheyrði fyrst og fremst þeim sem heima áttu vestan Jökulsár, en einnig líka af bæjum úr miðri sveit. Jafnvel sótti bóndinn úr Víðidal, meðan búið var þar, sjó á Papós. Hefur það verið strembin sjávangata. Sjálfsagt hefur hann hafst við á einhverjum bænum vestan Jökulsár.⁸

Bátarnir voru geymdir í Þorgeirsstaðaklifi, sem er innan við fjörðinn. En bíða varð eftir flóði til þess að koma bátunum í naust.

⁴ Byggðarsaga Austur-Skaft, I 1971, 91.

⁵ Vísitása Brynjólfs biskups Ísleifssonar 1641

⁶ Jarðatal Ísleifs Einarssonar 1708-1709

⁷ Sjósóknarlýsing í A-Skaftafellssýslu 1842

⁸ Torfi Steinþórsson, Skaftafellingur 11. árg. 1996

Fornleifaskráning á Þorgeirsstöðum

Skráningarnúmer Þorgeirsstaða er ÞOR-2530-2020

Farið var á vettvang laugardaginn 7.nóvember 2020.

Ábúandi á Þorgeirsstöðum Ragnar Pétursson er heimildarmaður og þökkum við honum kærlega fyrir aðstoðina og upplýsingarnar.



1. Yfirlitskort 1 (ofan, svæði 1) og 2 (neðan, svæði 2) .



Skráðar minjar- Yfirlit

Nr	Tegund	Hlutverk	Aldur	Friðlýst?	Ástand	Hættumat	Hættuorsök
1	Bær	Bæjarstæði	1600-2020	Nei	Greinilegt	Hætta	Framkvæmdir
2	Heimild	Rafstöð	1900-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
3	Tóft	Útihús	1750-1950	Nei	Heillegt	Hætta	Framkvæmdir
4	Garðlag	Gerði	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
5	Garðlag	Gerði	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
6	Tóft	Útihús	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
7	Mannvistarleifar	Sáðgarður	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
8	Hleðsla	Aðhald	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
9	Tóft	Útihús	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
10	Hleðsla	Óþekkt	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
11	Hleðsla	Túngarður	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
12	Tóft	Útihús	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
13	Tóft	Óþekkt	1500-1850	Nei	Illgreinanleg	Hætta	Framkvæmdir
14	Jarðræktarsvæði	Beðslétta	1850-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
15	Gata	Leið	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
16	Girðing	Girðing	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
17	Varða	Samgöngubót	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
18	Varða	Samgöngubót	1750-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Framkvæmdir
19	Örnefni	-	-	Nei	-	-	-

Númer: 2530-001
Sveitafélag: Hornafjörður
Landareign: Þorgeirsstaðir 1
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir
Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti: Þorgeirsstaðir
Tegund: Mannvirki/Bær
Hlutverk: Bæjarstaði
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Aldur: 1600-1950
Horfin vegna: Bygginga

Friðlýst: Nei
Lengd:
Breidd:
Vegghæð:
Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Bæjarstaði Þorgeirsstaða, eldra húsið rífið 1950-1960

Lýsing:

Bæjarstaðið á Þorgeirsstöðum. Húsið sem stendur nú var reist um 1950-60 að sögn Ragnars Péturssonar.

Ljósmyndir/teikningar:



Núverandi íbúðarhús/síðasta var fjarlægt milli 1950-1960.

Númer: 2530-002

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Heimild

Hlutverk: Rafstöð

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-1950

Horfin vegna: Bygginga

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Er á milli bæjarins og fjárhúsa

Lýsing:

Lækur í grjóthlöðnum stökk. Minjarnar voru ekki sjáanlegar á yfirborði en að sögn Ragnars Péturssonar liggur lækurinn sem rennur beint fyrir ofan bæinn í hlöðnum stökk á milli fjárhússins og bæjarins. Að sögn Ragnars var túrbína í stökknum og komu bændur á Þorgeirsstaði úr sveitinni í kring til þess að hlaða rafhlöður sínar. Lækurinn er sjáanlegur fyrir ofan bæinn en rennur svo inn í ræsi undir gamla bílveginn og sést ekki aftur fyrr en í skurði neðan við fjárhúsin.

Ljósmyndir/teikningar:



002- hér sést móta fyrir læknum á miðri mynd

Númer: 2530-003

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Heillegar

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 0.6m

Breidd: 1.5m

Vegghæð: 1.5m

Gróður: Gras, mosi, ljónslöpp

Umhverfi/staðhættir:

Stendur undir klettum um 100m norðan við bæinn



Lýsing:

Tóft með tveim ótengdum rýmum sem hafa bæði sér inngang. Inngangurinn vísar til suðausturs á þeim báðum. Í heildina er tóftin um 16x8 m að stærð og skiptist í austur- og vestur-rými. Að innanmáli er austur-rýmið um 3.5x3 m að stærð en vestur-rýmið um 5.5x2.5 m að stærð.

Tóftin er heilleg og eru veggir hennar um 0.6-1.5 m að hæð og allt að 1.5 m á breidd. Tóftin er hlaðin úr grjóti og er grasi vaxinn en sjá má a.m.k. þrjár steinaraðir í veggjum hennar. Grjótgarður [4] liggur upp tóftinni við norðaustur og norðvestur horn hennar og liggur garðurinn í austur-vestur frá tóftinni. Annar grjótgarður [5] liggur út frá SA horni hennar og liggur sá garður frá norðri til suðurs.

Tóftin er staðsett beint ofan við bæinn undir lágum klettum rétt neðan við þjóðveginn.

Ljósmyndir/teikningar:



2530-003

Númer: 2530-004

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Gerði

Hlutverk annað: Girðing

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 16.5m og 6m

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.1-0.2m

Gróður: Gras, mosi, ljónslöpp

Umhverfi/staðhættir:


Liggur sitthvoru megin við tóft 003

Lýsing:

Grjótgarður sem liggur frá austri til vesturs, austan og vestan megin við tóft [003]. Grjótið í garðinum er í stærri kantinum og er ýmist einföld eða tvöföld steinaröð uppistandandi í honum. Garðurinn er um 16.5 m á lengd austan megin við tóftina og 6 m á lengd vestan megin við tóftina.

Garðurinn er staðsettur ofan við bæinn undir klettum rétt neðan við þjóðveginn. Frá vesturhlið tóftarinnar, sem garðurinn liggur upp að, liggur hann upp að klettunum en vestan megin hverfur hann í námundan við skemmu sem stendur þar stutt frá. Upp á klettunum rétt austan við grjótgarðinn er annar grjótgarður [11] og er möguleiki á því að um sama garð sé að ræða.

Ljósmyndir/teikningar:



2530-004

Númer: 2530-005

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Gerði

Hlutverk annað: Girðing

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 45m

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.1-0.2m

Gróður: Gras, mosi, ljónslöpp

Umhverfi/staðhættir:

Liggur sunnan við 003 og 004


Lýsing: Grjótgarður sem liggur frá norðri til suðurs frá tóft [003] og er um 45 m á lengd.

Norðurendi garðsins er við tóftina en suðurendi liggur upp að klettum.

Garðurinn er hlaðinn úr meðalstórum steinum og eru mest tvöföld steinaröð uppistandandi.

Garðurinn er staðsettur ofan við bæinn og stoppar suðurendi hans spölkorn frá gamla veginum [15].

Ljósmyndir/teikningar:



2530-005

Númer: 2530-006

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.4-1.0m

Gróður: Gras, mosi, ljónslöpp

Umhverfi/staðhættir:



Undir klettum stutt sunnan við tóft 003

Lýsing: Lítil tóft með einu rými og inngang sem snýr til austurs. Tóftin er um 4x4 m að utanmáli og um 1.5x1.5 m að innanmáli. Vegghæð hennar er frá 0.4-1 m á hæð og er breidd þeirra um 1 m. Tóftin er grjóthlaðin og má sjá í veggjum hennar þrefalda steinaröð.

Bakveggur tóftarinnar er að mestu einn stór steinn sem hlaðið hefur verið í kringum.

Tóftin er staðsett uppundir klett stutt austan við tóft [003]. Illgreinanlegur grjótgardur [8] var mældur útfrá tóftinni og afmarkar gardurinn og tóftin lítinn sléttan bala undir klettinum.

Ljósmyndir/teikningar:



2530-006

Númer: 2530-007

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Mannvistarleifar

Hlutverk: sáðgarður

Hlutverk annað: Matjurtargarður

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 12m

Breidd: 0.1m

Vegghæð: 0.1m

Gróður: Gras, mosi

Umhverfi/staðhættir:

Rétt sunnan við tóft 003 og rétt ofan við garðlag 005-lár tvískiptur sáðgarður

Lýsing: Mögulegur matjurtargarður. Minjarnar eru líkt og lágreistur og mjór ferhyrntur garður - sem er um 33 m í ummál, 12 m á lengd og 4 m á breidd. Lágreistur og mjór garður skiptir ferhyrningnum í tvo misstóra hluta, suður hlutann sem er um 4x4 m og norður hlutann sem er 8x4 m að stærð.

Minjarnar eru staðsettar beint framan við tóft 003 og mitt á milli tóftar 006 og grjótgarðar 005.

Ljósmyndir/teikningar:



2530-007 – tvískipt-ófarlega á teikningunni.

Númer: 2530-008

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Aðhald

Hlutverk annað: Gerði

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 20m

Breidd: 0.5m

Vegghæð: 0-0.1m


Gróður: Gras, mosi

Umhverfi/staðhættir:

Stendur upp við klett og tóft 006-Flatur bali undir kletti í miðju gerðinu.

Lýsing: Aðhald sem afmarkar sléttan bala undir kletti upp við tóft 006. Um er að ræða grjótgarð sem er að mestu horfinn. Garðurinn hefur verið tæpir 20 metrar á lengd og afmarkar svæði sem er um 12x4 m að stærð.

Ljósmyndir/teikningar:



2530-008– tvískipt- ofarlega til hægri.

Númer: 2530-009

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Hlutverk annað: Gerði

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.2m

Vegghæð: 0.5-1.2m

Gróður: Gras, mosi

Umhverfi/staðhættir:

Liggur stutt neðan við þjóðveg uppá klettum ofan við bæinn- grjóthlaðin tóft

Lýsing: Tóft með einu rými og inngang sem snýr til austurs. Tóftin er 6.5x4.5 m að stærð og er innanrými hennar 3.5x1.5 m að stærð. Vegghæð tóftarinnar er frá 0.5-1.2 m og er breidd veggja 1.2 m. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og sést þreföld steinaröð uppistandandi. Tóftin er staðsett stutt fyrir neðan þjóðveginn, spölkorn frá grjótgarði [11], ofan á klettum sem þar eru.

Ljósmyndir/teikningar:



009 ásamt 011- 006-008

Númer: 2530-010

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Óþekkt

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.2-0.5m

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:

Liggur í klettum ofan við bæinn stutt neðan við þjóðveg-grjóthleðsla í klettasprungu, sem myndar lítinn kassa.

Lýsing: Hleðsla í kringum skarð í klettinum. Staðsett upp á klettunum stutt neðan við þjóðveg, stutt frá tóft [009] og grjótgardi [011]. Um tveggja metra skarð er í klöppinni og er það ferhyrningslaga 4x2 m hleðsla í skarðinu. Hleðslan er ofan á klettinum austan og vestan megin í skarðinu og er svo lág steinaröð á sem lokar skarðinu í suður og norður endan. Þessi hönnun veldur því að austur og vestur veggirnir eru talsvert hærri en suður og norður veggirnir.

Ljósmyndir/teikningar:



010 ásamt 007-008 og 011

Númer: 2530-011

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Túngarður

Hlutverk annað: girðing

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.5m

Vegghæð: 0.2-1.2m

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:

Liggur í klettum ofan við bæinn stutt neðan við Þjóðveg-Grjóthlaðin girðing/garður

Lýsing: Grjótgarður ofan á klettunum sem eru staðsettir sunnan og vestan við bæinn. Í heildina er grjótgarðurinn um 226 m að lengd og liggur ýmist ofan á berum klettum eða á grasi. Ástand á hleðslunni í grjótgarðinum er misgott en á stöku stöðum má sjá þrjár steinnararðir þó er ekki nema einföld steinnaröð greinilega á flestum stöðum. Grjótgarðurinn liggur frá norðri til suðurs og er hann klofinn þar sem gamli vegurinn liggur í gegnum hann.

Ljósmyndir/teikningar:



011 ásamt 007-008 og 010

Númer: 2530-012

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Hlutverk annað: girðing

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.4-1.2m


Gróður: Gras,mosi

Umhverfi/staðhættir:

Liggur í klettum ofan við bæinn

Lýsing: Grasi gróin tóft sem byggð er upp við klett. Eitt rými er í tóftinni og vísar inngangur til suðurs. Tóftin er 7x5 m að stærð og er innra rými hennar um 2x3 m að stærð. Tóftin er grjóthlaðin og er vegghæð hennar frá 0.4-1.2 m á hæð og mesta breidd veggja er 1.5 m. Bakveggur tóftarinnar er ekki hlaðinn heldur er það náttúrulegur klettaveggur. Tóftin er staðsett undir klettum um 60 m beint vestur af bænum á Þorgeirsstöðum.

Ljósmyndir/teikningar:



012 er fyrir miðri mynd

Númer: 2530-013

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti: Skollutótt

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Hlutverk annað: girðing

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1500-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.5m

Vegghæð: 0-0.3m


Gróður: Gras,mosi

Umhverfi/staðhættir:

Er um 20 m vestan við bæinn í hlið Ullarhóls-ólöguleg tótt/dæld, inngangur illgreinanlegur en mögulega til suðurs.

Lýsing: Í örnefnalýsingu segir: „Vestan við veg er Ullarklettur; niður af honum var kölluð skollutótt.“. Hér stangast örnefnalýsingin á við heimildarmann Ragnar Pétursson en hann taldi Ullarhól standa við veginn austan megin um 20 m suðaustan við bæinn. Nokkuð ógreinileg tóft sem stendur í hlið Ullarhóls/kletts [019]. Tóftin er aflöng og er um 10x5 m að stærð. Dæld er í henni miðri og er vegghæð hennar mest um 0.3 m en breidd veggja er mest 1.5 m. Ógreinilegur inngangur virðist vera á henni sem vísar til suðausturs. Tóftin er grasi gróin en það mátti greina steina í veggjum hennar.

Ljósmyndir/teikningar:



013 ásamt 019 og 015

Númer: 2530-014

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: jarðræktarsvæði

Hlutverk: beðslétta

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1850-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:


Gróður: Gras, mosi

Umhverfi/staðhættir:

Í túni sunnan við bæinn- eru beðasléttur

Lýsing: Í túninu vestan megin við bæinn má greina beðasléttur. Beðasléttur sjást ágætlega á gömlum loftmyndum og gervihnattarmyndum og virðast hafa náð yfir svæði sem er 100x80 metrar að stærð.

Ljósmyndir/teikningar:



014 er punktur austan við 013

Númer: 2530-015

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Gata

Hlutverk: Leið

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hættu

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1500-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:

Vegurinn liggur í austur vestur fyrir ofan bæ neðan nýja vegarins- gamli bílvegurinn

Lýsing: Gamli bílvegurinn liggur framhjá bæjarstaðinu, vestan við það. Á loftmynd frá 1973 er hann ennþá í notkun en á loftmynd frá 1980 er búið að færa veginn á þann stað sem hann er núna. Í ritinu *Samgöngur í Skaftafellssýslum* eftir Pál Þorsteinsson vitnar hann í Ferðabók Sveins Pálssonar sem lýsir alfarleiðinni frá almannskarði um Lón svona: „*Austan við skarðið verður bær á hægri hönd, er Fjörður heitir. Þaðan liggur leiðin til norðausturs yfir Þorgeirsstaðaá og Þorgeirsstöðum, en síðan annaðhvort áfram í sömu stefnu yfir að Stafafelli eða í suðaustur með fram sjónum...*“ Þetta gefur það til kynna að alfaraleiðin í lok 18. aldar hafi legið að og framhjá Þorgeirsstöðum og ekki ómögulegt að bílvegurinn liggi svipað og gamla leiðin.

Gamli vegurinn var mældur í tveimur bútum á tveim svæðum. Á svæðinu í kringum bæinn á Þorgeirsstöðum og svo á svæðinu við Þorgeirsstaðaá. Á loftmyndum bæði á loftmyndum frá 1973 og 1980 liggur vegurinn á sama stað við Þorgeirsstaðaá.

Heimildir: Páll Þorsteinsson. (1985). *Samgöngur í Skaftafellssýslum*. Prentsmiðja

Hornafjarðar,

Ljósmyndir frá LMÍ: *LMI-Kort-F34-F-7233* frá 1980 og *LMI-Kort-D11-D-4162* frá 1973



Vegur 015- Horft til austurs að Stafafellsfjöllum

Númer: 2530-016

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Girðing

Hlutverk: Girðing

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd: 26m og 28m

Breidd: 0.5m

Vegghæð: 0.1-0.3m

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:


Liggur á milli lækjar austan við fjárhús-grjótgarður.

Lýsing: Rétt norðan við fjárhúsin á Þorgeirsstöðum var mældur grjótgarður í tveim pörtum.

Hlutarnir eru 26 og 28 m langir og hafa sömu stefnu, austur-vestur. Vestari hlutinn stendur við girðingu en austari hlutinn stendur einn og sér. Á báðum stöðum er þetta einföld steinaröð og mögulega um að ræða einhverja steinalögn til styrkingar eldri girðingar sem hefur staðið.

Ljósmyndir og Teikningar:

Grjótgarðurinn [016] liggur við girðinguna
Tvískiptur sjá teikningu hægra megin



016 liggur tvískiptur norðan við fjárhúsin á miðri mynd



Númer: 2530-017

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Varða

Hlutverk: Samgöngubót

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.5m

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:

Varðan stendur á kletti við gamla bílveginn austan við bæinn, hálfhrunin.

Lýsing: Lítil og hálfhrunin varða sem stendur ofan á klett alveg við gamla veginn norðan við bæinn. Varðan er á berum klett og lítið gróinn að undantöldum fléttum og smá mosa. Stærð hennar er um 1x1 m

Ljósmyndir og Teikningar:

017-Varða



Númer: 2530-018

Sveitafélag: Hornafjörður

Landareign: Þorgeirsstaðir 1

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir

Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020

Sérheiti:

Tegund: Varða

Hlutverk: Samgöngubót

Hlutverk annað:

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1750-1950

Horfin vegna:

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd: 1.0m

Vegghæð: 0.4m

Gróður: Gróðurvana

Umhverfi/staðhættir:

Varðan stendur á lágum kletti við minni Þorgeirsstaðadals mitt á milli gamla og nýja bílvegs. Hálf hrunin.

Lýsing: Hrunin varða sem er staðsett á svæðinu við Þorgeirsstaðaá. Varðan stendur stutt ofan við þjóðveginn á milli hans og gamla vegarins. Varðan er á lágum gróðurvana klett umkringdum ógrónum mel. Varðan er um 1x1 m að stærð.

Ljósmynd:



Varðan [019] er við minni Þorgeirsdals við Þorgeirsstaðaá. (sjá yfirlitskort 2)

Númer: 2530-019
Sveitafélag: Hornafjörður
Landareign: Þorgeirsstaðir 1
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir
Dagsetning: 07.11.2020 og 10.11.2020
Sérheiti: Ullarhóll/Ullarklettur
Tegund: örnefni
Hlutverk: Samgöngubót
Hlutverk annað:
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Aldur:
Horfin vegna:
Friðlýst: Nei
Lengd:
Breidd:
Vegghæð:
Gróður: Gras, mosi
Umhverfi/staðhættir:

Hóllinn er um 20m beint vestan af bænum á Þorgeirsstöðum

Lýsing: Í örnefnalýsingu Þorgeirsstaða segir: „*Vestan við veg er Ullarklettur*“. Ragnar Pétursson heimildarmaður kallaði staðinn Ullarhól og taldi hann vera austan við veg stutt suðaustan við bæ.

Ljósmynd:



Ullarhóll/Ullarklettur [019]- tóft 013 er í honum miðjum

Heimildaskrá

Jón Helgason, Eyðjarðir í Skaftafellssýslu 1783.

Manntal Árna og Páls 1703.

Sveinn Pálsson, Ferðabók Sveins Pálssonar 1791-1797. Reykjavík 1945.

Stefán Jónsson og Bjarni bjarnason, Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 1976, 91-100.

Sjósóknarlýsing í Austur-Skaftafellssýslu 1842.

Torfi Steinþórsson, Skaftfellingur 11. árg. 1996, 34-41.

Vísitasíur Brynjólfs biskups Ísleifssonar 1641.